

1.fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu 19. ágúst 2014 og hófst kl 17:00.

Mætt eru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Oddný Sigríður Kristjánsdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson og Guðmundur Björnsson

1. Styrkur frá Vegagerð í styrkvegi – umræður um að styrkurinn fari í fjallvegi í Bakkafirði. Landbúnaðarnefnd hefur lagt til að styrkurinn fari í veg í Miðfjarðarheiði, Kverkártungu og Saurbæjarheiði. Nefndin telur að peningunum sé best varið með að setja þá í eina framkvæmd og leggur til að þessu verði varið í lagfæringar í Miðfjarðarheiði, að öðrum kosti í Kverkártungu og Saurbæjarheiði líkt og Landbúnaðarnefnd leggur til.

2. Erindi frá ferðamálastofu – Gréta Bergrún verður sambandsaðili vegna kortlagningar auðlinda í ferðaþjónustu.

3. Rætt um ferðaþjónustumál – nokkrar umræður um að gera langtímaáætlun í ferðaþjónustumálum og fá t.d. atvinnuþróunarfélagið til liðs við okkur með það, einnig ferðaþjónustuaðila. Mögulega að hafa vinnufund í lok september þar sem þessi mál eru rædd og farið í hugmyndavinnu.

4. Umræður um Nýsköpunarmiðstöð Íslands – starfgildi lagt niður á Húsavík – að því er við best vitum. Mælumst til þess við sveitarstjórn að þeir kanni möguleika á að fá slíkt starfsgildi hingað, til að styðja við nýsköpun á svæðinu og efla allt það unga fólk sem hér býr til atvinnuþróunar. Mögulegar framkvæmdir í Finnafirði kalla á aukin umsvif á ýmsum sviðum og hér ætti því að skapast fjölmörg atvinnutækifæri.

5. Kátir dagar – umræður um hátíðina og skipulag. Rætt um að kalla til hagsmunaaðila og koma af stað umræðum um Káta daga, þarf að koma heildarskipulagi í betri farveg heldur en hefur verið undanfarin ár.

Fleira ekki rætt

Fundargerð upplesin og fundi slitið 18.15